

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 35

1. árgangur

22.9.1994

I. EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

94/EES/35/01	Starfsreglur sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar, samþykktar 24. janúar 1994	01
94/EES/35/02	Tilmæli samþykkt á öðrum fundi í Helsinki 26. og 27. apríl 1994	03

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

94/EES/35/03	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 66/94/COL frá 27. júní 1994 um eftirlitsaðferðir vegna viðhalds opinberrar viðurkenningar á að nautgripahjarðir í ákveðnum EFTA-ríkjum séu lausar við öldusótt	05
94/EES/35/04	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 67/94/COL frá 27. júní 1994 um eftirlitsaðferðir vegna viðhalds opinberrar viðurkenningar á að nautgripahjarðir í ákveðnum EFTA-ríkjum séu lausar við berkla	06
94/EES/35/05	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 68/94/COL frá 27. júní 1994 um breytingu á I. viðauka við ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 48/94/COL frá 8. júní 1994 um viðbótarábyrgðir vegna smitandi maga- og garnakvefs í svínnum sem senda á til EFTA-ríkja eða -héraða sem eru laus við veikina	08
94/EES/35/06	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 70/94/COL frá 27. júní 1994 um stöðu Svíþjóðar að því er smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun varðar	09
94/EES/35/07	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 71/94/COL frá 27. júní 1994 um stöðu Noregs að því er smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun varðar	10
94/EES/35/08	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 72/94/COL frá 27. júní 1994 um viðurkenningu á að tiltekin EFTA-ríki eða héruð fari að kröfunum varðandi öldusótt (B. melitensis) og um að veita þeim þá viðurkenningu að þau séu opinberlega laus við veikina	11
94/EES/35/09	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 73/94/COL frá 27. júní 1994 til samþykktar á útrýmingaráætlun vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum í Svíþjóð og um viðbótarábyrgðir vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum sem á að senda til Svíþjóðar	12
94/EES/35/10	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 74/94/COL frá 27. júní 1994 um viðbótarábyrgðir vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum sem á að senda til Noregs	14

94/EES/35/11	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 75/94/COL frá 27. júní 1994 til samþykktar á útrýmingaráætlun vegna Aujeszky-veiki í Svíþjóð og til breytingar á ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA 31/94/COL frá 29. apríl 1994 um viðbótarábyrgðir vegna Aujeszky-veiki í svínunum sem senda á til EFTA-ríkja eða héraða sem eru laus við veikina 16
94/EES/35/12	Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 76/94/COL frá 27. júní 1994 til samþykktar á útrýmingaráætlun vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum í Austurríki og um viðbótarábyrgðir vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum sem á að senda til Austurríkis.....18
94/EES/35/13	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstóllinn - Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum.....20

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

94/EES/35/14	Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/C-2/35.213).....21
94/EES/35/15	Ákvörðun nr. 153 frá 7. október 1993 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beytingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 001, E 103 - E 127)..... 22
94/EES/35/16	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.472 - Vesuvius/Wülfrath)..... 22
94/EES/35/17	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.427 - Rhône-Poulenc/Caffaro) 22
94/EES/35/18	Leiðbeiningar vegna rannsókna á ríkisaðstoð við fiskveiðar og sjávardýraeldi.....23
94/EES/35/19	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. september 1994 um breytingu á ákvörðun 94/462/EB um tiltekna verndarráðstafanir vegna svínapestar í Þýskalandi og niðurfellingu á ákvörðun 94/178/EB.....23
94/EES/35/20	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir..... 24
94/EES/35/21	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.468 - Siemens/Italtel).....25
94/EES/35/22	Tilkynning um samning (Mál IV/35.056 - Groupement des Cartes Bancaires „CB“/France Télécom).....26
94/EES/35/23	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.477 - Mercedes-Benz/Kässbohrer).....27

3. Dómstóllinn

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-ÞINGMANNANEFNDIN

STARFSREGLUR

94/EES/35/01

sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar samþykktar 24. janúar 1994

Sameiginlega EES-þingmannanefndin er stofnuð á grundvelli 95. gr. og bókunar 36 í samningnum um Evrópska efnahags-svæðið og á grundvelli ályktunar Evrópuþingsins frá 22. janúar 1993 og ákvörðunar þingmannanefndar EFTA-ríkjanna frá 24. janúar 1994.

Regla 1

Sameiginlegu EES-þingmannanefndina skulu skipa sextíu og sex nefndarmenn. Evrópuþingið annars vegar og þjóðþing EFTA-ríkjanna hins vegar skulu tilnefna jafn marga menn til setu í sameiginlegu EES-þingmannanefndinni. Nefndarmönnum er heimilt að skipa sér til sætis í samræmi við stjórnmalaskoðanir sínar.

Regla 2

Skipunartími nefndarmanna sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar skal samsvara kjörtímabili Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA-ríkjanna.

Regla 3

Sameiginlega EES-þingmannanefndin skal kjósa sér formann og varaformann úr röðum nefndarmanna. Evrópuþingið og þjóðþing EFTA-ríkis skulu til skiptis tilnefna formann nefndarinnar til eins árs í senn.

Regla 4

Forsætisnefnd sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar skal skipuð formanni sendinefndar Evrópuþingsins, formanni sendinefndar þjóðþinga EFTA-ríkjanna og þremur varaformönnum hvorrar sendinefndar.

Regla 5

Forsætisnefndin skal undirbúa, samræma og stjórna starfsemi sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar. Hún skal einkum og sér í lagi semja dagskrárdrög fyrir hvern nefndarfund. Forsætisnefndin ákveður fresti til að leggja fram tillögur að ályktunum og breytingartillögur, í því skyni að tryggja þýðingar og tilhlýðilega umfjöllun sameiginlegu þingmannanefndarinnar. Ályktunartillögur verða að varða málefni sem EES-samningurinn tekur til.

Regla 6

Sameiginlega EES-þingmannanefndin skal halda almenna nefndarfundi tvisvar á ári til skiptis í bandalaginu og EFTA-ríki.

Forsætisnefndin skal boða til aukafunda að eigin frumkvæði eða samkvæmt skriflegri beiðni frá að minnsta kosti þriðjungi nefndarmanna sameiginlegu þingmannanefndarinnar.

Regla 7

Þjóðþing EFTA-ríkis sem ekki er aðili að EES-samningnum getur sent áheyrnarfulltrúa á nefndarfundi sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar.

Regla 8

Nefndarfundir sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar skulu haldnir í heyranda hljóði nema nefndin ákveði annað.

Regla 9

Hlutverk sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar skal vera að stuðla að, með umræðum og fundum, auknum skilningi milli bandalagsins og EFTA-ríkja á þeim sviðum sem EES-samningurinn tekur til.

Regla 10

Til að tryggja lýðræðislegt eftirlit þingmanna er forseta EES-ráðsins, ásamt fulltrúum sameiginlegu EES-nefndarinnar, boðið að taka virkan þátt í fundarstörfum sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar. Forsætisnefndinni er heimilt að bjóða hvaða öðrum aðila sem er að sitja fundi sameiginlegu þingmannanefndarinnar.

Sameiginlega EES-þingmannanefndin skal skoða gaumgæfilega alla löggjöf Evrópubandalagsins, sem jafnframt varðar Evrópska efnahagssvæðið, svo og framkvæmd hennar.

Regla 11

Sameiginlega EES-þingmannanefndin mun láta í ljós álit sitt í formi skýrslna eða ályktana, eftir því sem við á. Hún skal einkum taka til athugunar ársskýrslu sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem gefin er út í samræmi við 4. mgr. 94. gr. EES-samningsins, um framkvæmd og þróun samningsins.

Regla 12

Nefndin skal tilnefna, úr hópi þeirra Evrópuþingmanna annars vegar og þingmanna EFTA-ríkjanna hins vegar sem sæti eiga í nefndinni, tvo framsögumenn til eins árs og skulu þeir leggja fyrir nefndina drög að skýrslum og ályktunum varðandi ársskýrsluna sem sameiginlega EES-nefndin gefur út.

Slík drög skulu berast forsætisnefndinni tímanlega svo unnt sé að tryggja þýðingu og tilhlýðilega umfjöllun sameiginlegu þingmannanefndarinnar.

Regla 13

Nefndin getur að auki tilnefnt framsögumenn til að gera skýrslur um tiltekin málefni. Nefndin skal að tillögu forsætisnefndarinnar ákveða verksvið þeirra og skipunartíma.

Regla 14

Skýrslur og ályktanir teljast samþykktar ef tveir þriðju hlutar viðstaddra nefndarmanna greiða atkvæði með þeim.

Samþykktar skýrslur og ályktanir skulu sendar til Evrópuþingsins og þjóðþinga EFTA-ríkjanna svo og EES-ráðsins og sameiginlegu EES-nefndarinnar vegna frekari aðgerða.

Regla 15

Aðrar ákvarðanir en þær sem falla undir reglu 14 skulu teknar með einföldum meirihluta viðstaddra nefndarmanna.

Regla 16

Nefndarmenn sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar hafa rétt á að leggja spurningar fyrir fulltrúa EES-ráðsins og sameiginlegu EES-nefndarinnar bæði munnlega og skriflega.

Regla 17

Á nefndarfundum sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar er boðið upp á túlkun frá og yfir á öll opinber tungumál EB svo og hvert það tungumál sem þjóðþing EFTA-ríkjanna fara fram á.

Gerðir sem sameiginlega EES-þingmannanefndin samþykkir skulu birtar á opinberu tungumálunum.

Regla 18

Fundargerð skal rituð fyrir hvern nefndarfund sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar og skal hún samþykkt í upphafi næsta fundar.

Regla 19

Útgjöld vegna ferðalaga og uppihalds nefndarmanna og embættismanna sem eru þeim til aðstoðar skulu greidd af þinginu sem tilnefndi þá.

Regla 20

Hlutaðeigandi þing skulu bera kostnað vegna túlkunar og þýðinga. Annar kostnaður vegna funda og starfsemi sameiginlegu þingmannanefndarinnar skal borinn af þeirri stofnun sem heldur fundinn.

Regla 21

Skrifstofur Evrópuþingsins og þingmannanefndar EFTA-ríkjanna skulu sameiginlega sjá um skrifstofu sameiginlegu EES-þingmannanefndarinnar.

Regla 22

Sameiginlega EES-þingmannanefndin skal samþykkja starfsreglur sínar með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum nefndarmanna. Það sama gildir þegar reglunum er breytt.

Gjört í Brussel 24. janúar 1994

Gary Titley

forseti

TILMÆLI**94/EES/35/02****samþykkt á öðrum fundi
í Helsinki 26. og 27. apríl 1994**

Sameiginlega EES-þingmannanefndin

I. Frelsin fjögur

- A. mælist til við aðildarríki Evrópusambandsins og EES/EFTA-ríkin að þau komi EES-samningnum og viðbótarsafninu við hann til framkvæmda samkvæmt fyrirhugaðri tímaáætlun,
- B. mælist til við sameiginlegu EES-nefndina að hún birti bráðabirgðaskýrslu um framkvæmd og þróun EES-samningsins,
- C. fer þess á leit við EES-ráðið að það ákveði á grundvelli 121. gr. hvort svæðissamband Liechtenstein og Sviss samræmist góðri framkvæmd EES-samningsins,

Að því er varðar frjálsa vöruflutninga

- D. fer þess á leit við EES-ráðið að það endurskoði upprunareglur á grundvelli 9. gr. c í EES-samningnum með það að markmiði að þróa samsafn almennra evrópskra reglna til að auðvelda og útvíkka viðskiptatengsl milli ESB, EFTA og Mið- og Austur-Evrópulandanna,
- E. mælist til við EES-ráðið að það samræmi reglur um utan svæðis vinnslu textílefna,
- F. mælist til við framkvæmdastjórn EB að hún leggi fram tillögur um viðeigandi ráðstafanir til að tryggja samræmda umhverfissaðla á háu stigi fyrir vélknúin ökutæki í öllum EES-aðildarríkjunum frá 1. janúar 1995,
- G. fer fram á það við sameiginlegu EES-nefndina að hún veiti upplýsingar um hvort nýleg ákvörðun um að koma á lágmarksverði fyrir innfluttan fisk falli undir EES-samninginn,
- H. hvarmar nýlegar aðgerðir til að setja hömlur á innflutning á fisk- og pappírsvörum og mælist til við framkvæmdastjórnina að koma í veg fyrir að slíkar hömlur verði settar í framtíðinni,
- I. lítur jákvæðum augum á beiðni um undanþágur frá ákvæðum um hámarks lengd og -þyngd ökutækja sem eru notuð innanlands aðallega við skógræktarstörf,
- J. lætur í ljós áhyggjur vegna lokunar evrópskra landamæra í norðurhluta Grikklands við fyrrum júgóslavneska lýðveldið Makedóníu sem raskar

frjálsum vöruflutningum, ekki eingöngu hvað varðar þriðju lönd heldur einnig innan EES, og bíður með eftirvæntingu úrskurðar Evrópudómstólsins,

Að því er varðar frjálsa fólksflutninga

- K. telur að frjálsir flutningar launþega heyri til grundvallarréttinda samkvæmt EES-samningnum og leggur að framkvæmdastjórn EB að tryggja tafarlausa framkvæmd 7. gr. a í Evrópusambandsáttmálanum (frjálsir fólksflutningar),
- L. leggur áherslu á þörfina á að koma til framkvæmda á skilvirkkan hátt kerfi til að samræma innlend almannatryggingakerfi,
- M. undirstrikar þörfina á að hrinda í framkvæmd með góðum árangri kerfi gagnkvæmra prófviðurkenninga og mælist til við sameiginlegu EES-nefndina að hún taki þetta mál fyrir hið bráðasta,
- N. krefst aðgerða til að auðvelda aðgang að háskólum innan EES með því að tryggja að ekki séu lögð hærri skólagjöld á nemendur frá öðrum EES-löndum en á ríkisborgara í viðkomandi landi,
- O. fer þess á leit við viðkomandi yfirvöld að þau geri ráðstafanir til að stuðla að frjálsum fólksflutningum með því að aflétta vegabréfaskoðun við landamæri að því er varðar borgara EES-landa,

Að því er varðar frjálsa fjármagnsflutninga

- P. fer þess á leit við framkvæmdastjórn EB að hún leggi fram tillögur um ráðstafanir til að tryggja skilvirk fjármagns- og greiðsluviðskipti yfir landamæri.

II. Stefna í samkeppnismálum

- A. undirstrikar mikilvægi þess að beita reglum um jafna samkeppni á yfirráðasvæði EES og að samræmdum aðgerðum varðandi samkeppni verði komið á tafarlaust eins og ráð er gert fyrir í samningnum,
- B. vekur athygli yfirvalda á sviði efnahags- og stjórnmála í EES-löndunum á nauðsyn þess að breyta ákveðnum verklagsreglum. Virða ber þá skyldu að tilkynna áform um ríkisaðstoð,
- C. undirstrikar gagnvart yfirvöldum Evrópusambandsins mikilvægi þess átaks sem krafist er af EFTA-löndunum. Þetta átak mun tryggja árangur EES-

samningsins og hugsanlega sameiningu ákveðinna EFTA-ríkja við Evrópusambandið innan tilhlýðilegs tíma,

- D. leggur áherslu á þörfina bæði fyrir evrópsku framkvæmdastjórnina og eftirlitsstofnun EFTA að tryggja einsleita beitingu samkeppnisreglna til að forðast val á lögsögu (Forum shopping),
- E. fagnar því hve skjótt eftirlitsstofnun EFTA hóf starfsemi sína eftir gildistöku EES-samningsins og undirstrikar mikilvægi nákvæmrar samræmingar á starfsemi eftirlitsstofnunar EFTA og evrópsku framkvæmdastjórnarinnar,
- F. árangursrík framkvæmd og beiting samkeppnisreglna EES er að miklum hluta háð magni og gæðum þeirra upplýsinga sem aðilum í atvinnulífinu eru veittar,
- G. fer því þess á leit við eftirlitsstofnun EFTA og evrópsku framkvæmdastjórnina að þær komi af stað upplýsingaherferð, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, um hagnýt atriði varðandi gildandi EES-samkeppnislög, um ríkisaðstoð og um opinber innkaup. Aðilar í atvinnurekstri geta notað þessar upplýsingar til að öðlast betri skilning á málum,
- H. fer þess á leit við eftirlitsstofnun EFTA að hún semji skrá um svæðisbundin og héraðsbundin aðstoðarkerfi sem notuð eru í EES/EFTA-ríkjunum og leggi þessa skrá fyrir sameiginlegu EES-þingmannanefndina,
- I. biður eftirlitsstofnun EFTA og evrópsku framkvæmdastjórnina að rannsaka samkeppnisstöðu í tilteknum viðkvæmum greinum iðnaðar svo sem fjarskiptum, flutningum í lofti, skipasmíði, vöxtum í einkabönkum, smásöluverði fyrir bifreiðir, laxeldi og gera nákvæma grein fyrir beitingu samkeppnislaga á sviði opinberra innkaupa. Niðurstöður þessara rannsókna skulu vera aðgengilegar sameiginlegu EES-þingmannanefndinni,
- J. lætur í ljós það álit sitt að ekki skuli túlka samkeppnisreglur EES á þann hátt að það skaði stefnumarkmið í áfengismálum til að vernda almannaheilbrigði í norrænu EFTA-löndunum,
- K. leggur að EES-ráðinu að það leiti lausnar á lögsöguvandamálum sem hafa komið í veg fyrir rannsóknir á kvörtun varðandi aðstoð við laxeldi.

III. Jaðarmál og tengd mál

- A. fagnar fullri þátttöku aðila vinnumarkaðarins frá öllum samningsaðilum EES í umræðum um félagsmál,
- B. lætur í ljós þá von að viðeigandi ákvæði fyrir EES/EFTA-ríkin muni fljótlega gera þeim kleift að taka að fullu þátt í áætlunum ESB varðandi eldra fólk og fatlað

(HELIUS II) svo og í starfsemi Dyflinnarstofnunarinnar,

- C. hvetur aðila vinnumarkaðarins innan Evrópu að gegna jákvæðu hlutverki í baráttunni gegn atvinnuleysi og stuðla að atvinnuaukandi hagvexti,
- D. leggur áherslu á mikilvægi þess að þróa og stuðla að jafnrétti milli kvenna og karla í ráðningar- og vinnumarkaðsmálum; svo og á sviði menntunar, þjálfunar, rannsókna og þróunar,
- E. styður það að samstarfi milli neytendaráðgjafanefndar EFTA og neytendaráðgjafanefndar ESB verði komið í fast form innan ramma EES-samningsins,
- F. fer þess á leit við evrópsku framkvæmdastjórnina og fastanefnd EFTA að þær vinni sameiginlega að grænbók um neytendavernd í Evrópu svo unnt sé að meta nauðsynlega þætti í framtíðarlöggjöf EES um þessi mál,
- G. styður grundvallarregluna fyrir CO2/orkuskatti og álagningu hans og væntir þess að víðtækri EES-samvinnu verði komið á til að fylgja eftir fimmtu aðgerðaráætlun ESB um umhverfismál og um málefni er varða loftlagsbreytingu,
- H. styður þátttöku EES/EFTA-ríkjanna í starfsemi umhverfismálastofnunar Evrópu,
- I. leggur áherslu á að markmið sameiginlegra aðgerða í umhverfismálum innan EES sé að ná því stigi í umhverfisvernd sem tryggir sjálfbæra vistfræðilega þróun,
- J. undirstrikar mikilvægi þess að útvíkka gildissvið EES-samningsins þannig að hann taki til fjórðu rammaáætlunar ESB um rannsóknir og þróun,
- K. vonar að sameiginlega EES-nefndin taki brátt ákvörðun um að útvíkka gildissvið EES-samningsins á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja með fullri þátttöku EES/EFTA-ríkjanna í ESB-áætluninni til að tryggja samfellda og sameinaða stefnu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki,
- L. styður þátttöku allra EFTA/EES aðila í markvissum verkefnum innan hljóð- og myndmiðlunar svo og fjarskiptaáætlana,
- M. væntir þess að nýjar ESB-áætlanir um menntamál verði samþykktar í samræmi við fyrirhugaða tímaáætlun til að gera EES/EFTA-ríkjunum kleift að taka þátt í þeim,
- N. hvetur til fullrar þátttöku EES/EFTA-ríkjanna í aðgerðaráætlun ESB í ferðamálum.

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA nr. 66/94/COL

94/EES/35/03

frá 27. júní 1994

um eftirlitsaðferðir vegna viðhalds opinberrar viðurkenningar á að nautgripahjarðir í ákveðnum EFTA-ríkjum séu lausar við öldusótt

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. í bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 1. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín (tilskipun ráðsins 64/432/EBE, hér á eftir nefnd gerðin um nautgripi og svín), einkum 13. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og e-lið 1. gr. bókunar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Finnland, eins og greint er frá í bréfi dagsettu 7. mars 1994, Svíþjóð, eins og greint er frá í bréfi dagsettu 28. apríl 1994 og Noregur, eins og greint er frá í bréfi dagsettu 29. apríl 1994, telja að þau uppfylli kröfurnar í 13. mgr. 3. gr. í gerðinni um nautgripi og svín.

Minnst 99.8% nautgripahjarða í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hafa opinberlega verið taldar lausar við öldusótt í skilningi e-liðar 2. gr. í gerðinni um nautgripi og svín og hafa uppfyllt skilyrði þessarar kröfu í að minnsta kosti 10 ár.

Ekkert tilvik um fósturlát af völdum öldusóttarsýkingar hefur verið skráð í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi næstliðin 3 ár.

Til þess að viðhalda þessari kröfu er nauðsynlegt að mæla fyrir um eftirlitsráðstafanir til að tryggja skilvirkni hennar og sem eru

lagaðar að sérstakri heilbrigðisstöðu nautgripahjarða í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA- nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMPYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

- Prátt fyrir ii-lið c-liðar 1. mgr. A-liðar í II. hluta í viðauka A við gerðina um nautgripi og svín er EFTA-ríkjum eða héruðum þeirra, sem um getur í viðauka við þessa ákvörðun, heimilt að viðhalda opinberri viðurkenningu á að nautgripahjarðir séu lausar við öldusótt, að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:
 - tilkynna skal lögbærum yfirvöldum um hvern nautgrip sem grunur leikur á að sé smitaður af öldusótt og verður að gera á honum opinbera rannsókn vegna öldusóttar, þar með talið að minnsta kosti tvö sermipróf þar með talið magnaðarbindingarpróf svo og örverufræðileg rannsókn á viðeigandi sýnum sem eru tekin ef um fósturlát er að ræða,
 - á meðan grunur hefur ekki verið staðfestur, en það tímabil varir þar til neikvæðar niðurstöður hafa fengist úr prófunum sem um getur í fyrsta undirlið, skal fella úr gildi tímabundið opinberu viðurkenninguna á að viðkomandi nautgripahjörð sé laus við öldusótt ef um er að ræða hjörð þar sem dýr af nautgripakyni sem grunur leikur á að séu sýkt hafa fundist.
- Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.
- Ákvörðun þessari er beint til Finnlands, Svíþjóðar og Noregs.
- Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 27. júní 1994

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Pekka Säilä
stjórnarmaður

VIÐAUKI

Héruð sem mega viðhalda viðurkenningu um að þau séu laus við öldusótt sem byggist á 13. mgr. 3. gr. í gerðinni um nautgripi og svín

Finland: Öll héruð

Noregur: Öll héruð

Svíþjóð: Öll héruð

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA nr. 67/94/COL

94/EES/35/04

frá 27. júní 1994

um eftirlitsaðferðir vegna viðhalds opinberrar viðurkenningar á að nautgriphjarðir í ákveðnum EFTA-ríkjum séu lausar við berkla

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. í bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 1. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín (tilskipun ráðsins 64/432/EBE, hér á eftir nefnd gerðin um nautgripi og svín), einkum 14. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og e-lið 1. gr. bókunar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Finland, eins og greint er frá í bréfi dagsettu 7. mars 1994, Svíþjóð, eins og greint er frá í bréfi dagsettu 28. apríl 1994 og Noregur, eins og greint er frá í bréfi dagsettu 29. apríl 1994, telja að þau uppfylli kröfurnar í 14. mgr. 3. gr. í gerðinni um nautgripi og svín.

Lýst hefur verið yfir að minnst 99.9% nautgriphjarða í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð séu opinberlega lausar við berkla í skilningi d-liðar 2. gr. í gerðinni um nautgripi og svín og hafi uppfyllt skilyrði þessarar hæfniskröfu í að minnsta kosti 10 ár.

Í að minnsta kosti sex síðastliðin ár hafa ekki greinst berklar við árlega skoðun í fleiri en einni hjörð af 10 000 í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Allir nautgripir sem slátrað er í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, að undanskildum þeim sem slátrað er á býlinu til heimaneyslu, eru skoðaðir eftir slátrun af opinberum dýralækni.

Til þess að viðhalda þessari hæfniskröfu er nauðsynlegt að mæla fyrir um eftirlitsráðstafanir til að tryggja skilvirkni hennar og sem eru lagaðar að sérstakri heilbrigðisstöðu nautgriphjarða í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA- nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Þrátt fyrir b-lið í I. hluta í viðauka A við gerðina um nautgripi og svín er EFTA-ríkjum eða héruðum þeirra sem vísað er til í viðauka við þessa ákvörðun heimilt að viðhalda opinberri viðurkenningu á því að nautgriphjarðir séu lausar við öldusótt, að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

1.1. Koma skal á fót kerfi til að auðkenna dýr sem gerir mögulegt að finna aftur, að því er alla nautgripi varðar, uppruna- eða flutningshjörðina.

1.2. Allir nautgripir sem slátrað er, að undanskildum þeim sem er slátrað á býlinu til heimaneyslu, skulu skoðaðir af opinberum dýralækni eftir slátrun.

- 1.3. Tilkynna skal lögbærum yfirvöldum um hvert tilvik þar sem grunur leikur á um berkla í lifandi eða dauðu/ slátruðu dýri.
 - 1.4. Í hverju tilviki þar sem grunur leikur á um berkla skulu lögbær yfirvöld láta fara fram tilskilda rannsókn til að staðfesta eða eyða grunsemdunum, þar með talið að rekja sjúkdóminn aftur til uppruna- eða flutningshjarðanna. Ef vefjaskemmdir sem vekja grun um berkla finnast við skoðun eftir slátrun eða við slátrun, skulu lögbær yfirvöld senda slíka vefi til rannsóknarstofu.
 - 1.5. Opinber viðurkenning á að uppruna- eða flutningshjørðin sé laus við berkla skal felld niður um tíma eða þar til gengið hefur verið úr skugga um með klínískum rannsóknum, rannsóknum á rannsóknarstofu eða túberkúlínprófi að berklar séu ekki til staðar.
 - 1.6. Ef grunur um berkla er staðfestur annaðhvort með túberkúlínprófi eða með klínískum rannsóknum eða rannsóknum á rannsóknarstofu skal afturkalla opinberlegu viðurkenninguna á því að uppruna- eða flutningshjarðirnar séu lausar við berkla.
2. Afturköllunin á opinberri viðurkenningu á að hjørðin sé laus við berkla gildir þar til:
 - 2.1. öll dýrin sem talin eru sýkt hafa verið fjarlægð úr hjørðinni,
 - 2.2. þar til athafnasvæði og tæki hafa verið sótthreinsuð, og,
 - 2.3. að allir nautgripir sem eftir eru eldri en sex vikna hafa sýnt neikvæða svörun við að minnsta kosti tveimur opinberum túberkúlínprófum í húð sem gerð eru í samræmi við viðauka B við gerðina um nautgripi og svín, hið fyrra sex mánuðum eftir að síðasta sýkta dýrið að yfirgaf hjørðina, hið síðara sex mánuðum seinna.
 3. Tilkynna skal eftirlitsstofnun EFTA ár hvert um fjölda hjarða þar sem ný berklatilfelli hafa fundist, og er þá átt við að hjørðin þar sem berklar hafa fundist sé uppruna- eða flutningshjørð sem nautgripur sem greinst hefur jákvæður að því er varðar nautgripaberklasýkil hefur verið í. Eftirlitsstofnun EFTA getur, svo sem við á í ljósi slíkra upplýsinga, tekið ákvörðun í samræmi við 2. undirlíð 14. mgr. 3. gr. í gerðinni um nautgripi og svín.
 4. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.
 5. Ákvörðun þessari er beint til Finnlands, Svíþjóðar og Noregs.
 6. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 27. júní 1994

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Pekka Säilä
stjórnarmaður

VIÐAUKI

Héruð sem mega viðhalda viðurkenningu um að þau séu laus við berkla, sem byggist á 14. mgr. 3. gr. í gerðinni um nautgripi og svín

Finnland: Öll héruð

Noregur: Öll héruð

Svíþjóð: Öll héruð

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
nr. 68/94/COL****94/EES/35/05****frá 27. júní 1994****um breytingu á I. viðauka við ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 48/94/COL frá 8. júní 1994 um viðbótarábyrgðir vegna smitandi maga- og garnakvefs í svínunum sem senda á til EFTA-ríkja eða -héraða sem eru laus við veikina****EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. í bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 1. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín (tilskipun ráðsins 64/432/EBE, hér á eftir nefnd gerðin um nautgripi og svín), einkum 10. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og c-lið 1. gr. bókunar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Noregur telur, eins og greint er frá í bréfi dagsettu 3. janúar 1994, að yfirráðasvæði sitt sé laust við smitandi maga- og garnakvef (TGE) og hefur afhent eftirlitsstofnun EFTA skjöl því til stuðnings eins og kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. gerðarinnar um nautgripi og svín.

Skilgreina ber tilteknar viðbótarábyrgðir til að vernda stöðu Noregs að því er sjúkdóma varða.

Yfirvöld í Noregi beita innanlands reglum um flutning svína til ræktunar og framleiðslu sem eru að minnsta kosti jafngildar reglum þessarar ákvörðunar.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA- nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Í stað I. viðauka við ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA 48/94/COL frá 8. júní 1994 um viðbótarábyrgðir vegna smitandi maga- og garnakvefs í svínunum sem senda á til EFTA-ríkja eða -héraða sem eru laus við veikina komi viðaukinn við þessa ákvörðun.
2. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.
3. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.
4. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 27. júní 1994

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Pekka Säilä
stjórnarmaður

VIÐAUKI**I. VIÐAUKI**

Héruð sem eru laus við smitandi maga- og garnakvef og leyfa ekki bólusetningu

Finnland: Öll héruð

Noregur: Öll héruð

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
nr. 70/94/COL**

94/EES/35/06

frá 27. júní 1994

**um stöðu Svíþjóðar að því er smitandi blóðmyndandi frumudauða og
veirublóðeitrun varðar**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. í bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 5. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða (tilskipun ráðsins 91/67/EBE, hér á eftir nefnd gerðin um fiskeldi), einkum 5. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og e-lið 1. gr. bókunar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

EFTA-ríki getur fengið eitt eða fleiri meginlands- og strandsvæði viðurkennd sem svæði laus við ákveðna sjúkdóma sem leggjast á fisk og lindýr.

Svíþjóð hefur, í bréfum dagsettu 14. desember 1993 og 3. mars 1994, lagt fram sönnunargögn til að fá stöðu viðurkennds svæðis fyrir yfirráðasvæði sitt að því er varðar smitandi blóðmyndandi frumudauða (IHN) og veirublóðeitrun (VHS) svo og innlendar reglur sem tryggja að skilyrðunum til að halda viðurkenningunni sé fullnægt.

Þar af leiðandi ber að veita Svíþjóð, að því er varðar IHN og VHS, stöðu viðurkennds meginlands- og strandsvæðis.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA- nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Litið er á Svíþjóð sem viðurkennt meginlandssvæði og viðurkennt strandsvæði fyrir fisk að því er varðar smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun.
2. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.
3. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.
4. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 27. júní 1994

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Pekka Säilä
stjórnarmaður

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
nr. 71/94/COL**

94/EES/35/07

frá 27. júní 1994

**um stöðu Noregs að því er smitandi blóðmyndandi frumudauða og
veirublóðeitrun varðar**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. í bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 5. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða (tilskipun ráðsins 91/67/EBE, hér á eftir nefnd gerðin um fiskeldi), einkum 5. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og e-lið 1. gr. bókunar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

EFTA-ríki getur fengið eitt eða fleiri meginlands- og strandsvæði viðurkennd sem svæði laus við ákveðna sjúkdóma sem leggjast á fisk og lindýr.

Noregur hefur, í bréfi dagsettu 3. maí 1994, lagt fram sönnunargögn til að fá stöðu viðurkennds svæðis fyrir yfirráðasvæði sitt að því er varðar smitandi blóðmyndandi frumudauða (IHN) og veirublóðeitrun (VHS) svo og innlendar reglur sem tryggja að skilyrðunum til að halda viðurkenningunni sé fullnægt.

Þar af leiðandi ber að veita Noregi, að því er varðar IHN og VHS, stöðu viðurkennds meginlands- og strandsvæðis.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA- nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Litið er á Noreg sem viðurkennt meginlandssvæði og viðurkennt strandsvæði fyrir fisk að því er varðar smitandi blóðmyndandi frumudauða og veirublóðeitrun.
2. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.
3. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.
4. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 27. júní 1994

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Pekka Säilä
stjórnarmaður

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
nr. 72/94/COL****94/EES/35/08****frá 27. júní 1994****um viðurkenningu á að tiltekin EFTA-ríki eða héruð fari að kröfunum
varðandi öldusótt (B. melitensis) og um að veita þeim þá viðurkenningu að þau séu
opinberlega laus við veikina****EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. í bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 2. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins með sauðfé og geitur (tilskipun ráðsins 91/68/EEB, hér á eftir nefnd gerðin um sauðfé og geitur), einkum II. hluta 1. kafla í viðauka A,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og e-lið 1. gr. bókunar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Svíþjóð telur, eins og greint er frá í bréfi dagsettu 15. desember 1993, að hún uppfylli kröfurnar í b-lið 1. mgr. II. hluta 1. kafla í viðauka A við gerðina um sauðfé og geitur.

Í Svíþjóð hefur öldusótt (B. melitensis) verið tilkynningarskyld í að minnsta kosti fimm ár. Ekkert tilvik hefur verið staðfest þar opinberlega í að minnsta kosti fimm ár og bólusetning hefur verið bönnuð í að minnsta kosti þrjú ár. Því ber að viðurkenna að Svíþjóð fer að skilyrðunum sem sett eru í b-lið 1. mgr. II. hluta 1. kafla í viðauka A við gerðina um sauðfé og geitur.

Að auki skuldbindur Svíþjóð sig til að fullnægja ákvæðunum sem sett eru í 2. mgr. II. hluta 1. kafla í viðauka A. Því ber að veita Svíþjóð opinbera viðurkenningu um að landið sé laust við öldusótt (B. melitensis).

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA-nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. EFTA-ríki eða héruð þeirra, sem skráð eru í viðaukanum, uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. II. hluta 1. kafla í viðauka A við gerðina sem vísað er til í 2. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan bandalagsins með sauðfé og geitur (tilskipun ráðsins 91/68/EEB) og eru viðurkennd sem opinberlega laus við öldusótt (B. melitensis).
2. EFTA-ríki sem skráð er í viðaukanum skal leggja fram ársskýrslu um eftirlit og rannsóknarniðurstöður varðandi öldusótt (B. melitensis). Þessa skýrslu skal leggja fyrir eftirlitsstofnun EFTA eigi síðar en 1. apríl næstkomandi ár.
3. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.
4. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.
5. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 27. júní 1994

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Pekka Säilä
stjórnarmaður

VIÐAUKI

Héruð sem eru viðurkennd sem opinberlega laus við öldusótt (B. melitensis)

Svíþjóð: Öll héruð

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
nr. 73/94/COL**

94/EES/35/09

frá 27. júní 1994

til samþykktar á útrýmingaráætlun vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum í Svíþjóð og um viðbótarábyrgðir vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum sem á að senda til Svíþjóðar

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. bóknar 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 1. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín (tilskipun ráðsins 64/432/EBE, hér á eftir nefnd gerðin um nautgripi og svín), einkum 9. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og c-lið og e-lið 1. gr. bóknar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í Svíþjóð er verið að koma í framkvæmd áætlun um að útrýma smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum (IBR), eins og greint er frá í bréfum dagsettum 20. desember 1993 og 10. maí 1994.

Áætlunin um útrýmingu á IBR fullnægir skilyrðunum í 9. gr. gerðarinnar um nautgripi og svín.

Leggja ber til tilteknar viðbótarábyrgðir til að vernda þann árangur sem orðið hefur og tryggja að áætlunin sé til lykta leidd á árangursríkan hátt.

Yfirvöld í Svíþjóð beita innanlands reglum um flutning svína til ræktunar og framleiðslu sem eru að minnsta kosti jafngildar reglum þessarar ákvörðunar.

Óheimilt er að krefjast viðbótarábyrgðanna sem kveðið er á um í þessari ákvörðun af EFTA-ríkjum eða héruðum þeirra sem eru með sambærilega eða betri heilbrigðisstöðu að því er varðar IBR.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA-nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Áætlunin um útrýmingu á smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum (IBR) í Svíþjóð er hér með samþykkt fram til 30. júní 1997.
2. Nautgripir frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki sem eru ætlaðir til ræktunar og framleiðslu og á að senda til Svíþjóðar verða að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - 2.1 Í samræmi við opinberar upplýsingar mega engin klínísk eða meinafræðileg einkenni IBR-sjúkdómsins hafa greinst í upprunahjörðinni næstliðna tólf mánuði;
 - 2.2 nautgripirnir verða að hafa verið í einangrun síðustu 30 dagana fyrir flutning í húsakynnum sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt;
 - 2.3 sermipróf vegna IBR skal hafa verið gert á sermi nautgripanna sem tekið er úr þeim að minnsta kosti 21 degi eftir að þeir voru settir í einangrun og skulu niðurstöðurnar vera neikvæðar. Niðurstöður prófsins á öllum dýrum í einangrun skulu einnig vera neikvæðar;
 - 2.4 nautgripirnir mega ekki hafa verið bólusettil gegn IBR.
3. Nautgripir, ætlaðir til slátrunar sem sendir eru frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki til Svíþjóðar, skulu fluttir beint til slátruhússins þar sem á að slátra þeim.
4. Við heilbrigðisvottorðið sem kveðið er á um í viðauka F við gerðina um nautgripi og svín skal, að því er varðar nautgripi sem eru sendir til Svíþjóðar, bæta eftirfarandi:

„nautgripir samkvæmt ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 73/94/COL frá 27. júní 1994 um viðurkenningu á útrýmingaráætlun vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum í Svíþjóð og um viðbótarábyrgðir vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum sem á að senda til Svíþjóðar.“
5. Svíþjóð skal leggja fram ársskýrslu um árangur útrýmingaráætlunarinnar. Þessa skýrslu skal leggja fyrir eftirlitsstofnun EFTA eigi síðar en 1. apríl næstkomandi ár.

6. Skilyrðin sem um getur í 2. til 4. lið gilda ekki um aðflutning nautgripa til Svíþjóðar frá EFTA-ríki, eða frá hluta þess, sem samkvæmt 9. eða 10. gr. gerðarinnar um nautgripi og svín hafa fengið samsvarandi viðbótarábyrgðir og þær sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.
7. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.
8. Svíþjóð skal samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun fyrir 1. júlí 1994.
9. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.
10. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 27. júní 1994

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Pekka Säilä
stjórnarmaður

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
nr. 74/94/COL****94/EES/35/10****frá 27. júní 1994****um viðbótarábyrgðir vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum sem
á að senda til Noreg****EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,**

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. bókunar 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 1. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín (tilskipun ráðsins 64/432/EBE, hér á eftir nefnd gerðin um nautgripi og svín), einkum 10. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og c-lið 1. gr. bókunar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Noregur telur, eins og greint er frá í bréfi frá 4. janúar 1994, að yfirráðasvæði sitt sé laust við smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum (IBR).

Noregur hefur lagt upplýsingaskjöl fyrir eftirlitsstofnun EFTA eins og kveðið er á um í 10. gr. gerðarinnar um nautgripi og svín.

Yfirvöld í Noregi beita innanlands reglum um flutning á nautgripum sem eru að minnsta kosti jafngildar reglum þessarar ákvörðunar.

Noregur hefur tekið að sér að hafa eftirlit með ástandinu með árlegum könnunum og að leggja fyrir eftirlitsstofnun EFTA árlega skýrslu um rannsóknarniðurstöður varðandi IBR.

Leggja ber til tilteknar viðbótarábyrgðir til að vernda stöðu Noregs að því er sjúkdóma varðar.

Óheimilt er að krefjast viðbótarábyrgðanna sem kveðið er á um í þessari ákvörðun af EFTA-ríkjum eða héraðum þeirra sem sjálf eru talin laus við IBR.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA-nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Nautgripir frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki sem eru ætlaðir til ræktunar og framleiðslu og á að senda til Noregs verða að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1.1. Í samræmi við opinberar upplýsingar mega engin klínísk eða meinafræðileg einkenni smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum (IBR) hafa greinst í upprunahjörðinni næstliðna tólf mánuði;

1.2. nautgripirnir verða að hafa verið í einangrun síðustu 30 dagana fyrir flutning í húsakynnum sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt;

1.3. sermipróf vegna IBR skal hafa verið gert á sermi nautgripanna sem tekið er úr þeim að minnsta kosti 21 degi eftir að þeir voru settir í einangrun og skulu niðurstöðurnar vera neikvæðar. Niðurstöður prófsins á öllum dýrum í einangrun skulu einnig vera neikvæðar;

1.4. nautgripirnir mega ekki hafa verið bólusettil gegn IBR.

2. Nautgripir, ætlaðir til slátrunar sem sendir eru frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki til Noregs, skulu fluttir beint til slátruhússins þar sem á að sláttra þeim.

3. Við heilbrigðisvottorðið sem kveðið er á um í viðauka F við gerðina um nautgripi og svín skal, að því er varðar nautgripi sem eru sendir til Noregs, bæta eftirfarandi:

„nautgripir samkvæmt ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA 74/94/COL frá 27. júní 1994 um viðbótarábyrgðir vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum sem á að senda til Noregs.“

4. Noregur skal leggja fram ársskýrslu um eftirlit sitt og rannsóknarniðurstöður varðandi IBR. Þessa skýrslu skal leggja fyrir eftirlitsstofnun EFTA eigi síðar en 1. apríl næstkomandi ár.

5. Skilyrðin sem um getur í 1. til 3. lið gilda ekki um aðflutning nautgripa til Noregs frá EFTA-ríki, eða frá hluta þess, sem samkvæmt 10. gr. gerðarinnar um nautgripi og svín hafa fengið samsvarandi viðbótarábyrgðir og þær sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.

6. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.
7. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.
8. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 27. júní 1994

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Pekka Säilä
stjórnarmaður

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
nr. 75/94/COL**

94/EES/35/11

frá 27. júní 1994

til samþykktar á útrýmingaráætlun vegna Aujeszky-veiki í Svíþjóð og til breytingar á ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA 31/94/COL frá 29. apríl 1994 um viðbótarábyrgðir vegna Aujeszky-veiki í svínunum sem senda á til EFTA-ríkja eða -héraða sem eru laus við veikina

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. bóknar 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 1. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín (tilskipun ráðsins 64/432/EBE, hér á eftir nefnd gerðin um nautgripi og svín), einkum 9. og 10. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og c-lið og e-lið 1. gr. bóknar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í Svíþjóð er verið að koma í framkvæmd áætlun um að útrýma Aujeszky-veiki (AD), eins og greint er frá í bréfum dagsettum 15. desember 1993 og 6. júní 1994.

Áætlunin um útrýmingu á AD fullnægir skilyrðunum í 9. gr. gerðarinnar um nautgripi og svín.

Leggja ber til tilteknar viðbótarábyrgðir til að vernda þær framfarir sem orðið hafa og tryggja að áætlunin sé til lykta leidd á árangursríkan hátt.

Yfirvöld í Svíþjóð beita innanlands reglum um flutning svína til ræktunar og framleiðslu sem eru að minnsta kosti jafngildar reglum þessarar ákvörðunar.

Noregur telur, eins og greint er frá í bréfum dagsettum 3. janúar 1994 og 1. júní 1994, að yfirráðasvæði sitt sé laust við AD og hefur afhent eftirlitsstofnun EFTA skjöl því til stuðnings eins og kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. gerðarinnar um nautgripi og svín.

Skilgreina ber tilteknar viðbótarábyrgðir til að vernda stöðu Noregs að því er sjúkdóma varðar.

Yfirvöld í Noregi beita innanlands reglum um flutning svína til ræktunar og framleiðslu sem eru að minnsta kosti jafngildar reglum þessarar ákvörðunar.

Óheimilt er að krefjast viðbótarábyrgðanna sem kveðið er á um í þessari ákvörðun af EFTA-ríkjum eða héruðum þeirra sem eru með sambærilega eða betri heilbrigðisstöðu að því er varðar AD.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA- nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Áætlunin um útrýmingu á Aujeszky-veiki í Svíþjóð er hér með samþykkt fram til 30. júní 1997.
2. Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA 31/94/COL frá 29. apríl 1994 um viðbótarábyrgðir vegna Aujeszky-veiki í svínunum sem senda á til EFTA-ríkja eða -héraða sem eru laus við veikina er hér með breytt á eftirfarandi hátt:

2.1 Eftirfarandi komi í stað 5. liðar:

„5. Við heilbrigðisvottorðið, sem um getur í fyrirmynd III í viðauka F við gerðina um nautgripi og svín, skal, fyrir svín sem senda á til EFTA-ríkis eða héraðs þess sem talið er upp í I. viðauka og koma frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki eða héruðum þeirra, bæta eftirfarandi:

„svín í samræmi við ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA 31/94/COL frá 29. apríl 1994 að því er varðar Aujeszky-veiki, eins og henni var breytt með ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA 75/94/COL. Þegar um er að ræða svín til ræktunar var notað heil-vírus ELISA-próf/ELISA fyrir g1-eytt mótefni. (Strikið yfir það sem ekki á við)“.

2.2 Eftirfarandi komi í stað 6. liðar:

„6. Skilyrðin sem sett eru í 1. til 5. lið gilda ekki um aðflutning svína til EFTA-ríkis eða héraðs þess, sem skráð er í A-hluta I. viðauka, frá EFTA-ríki sem skráð er í A-hluta I. viðauka.“

2.3 Eftirfarandi liður bætist við:

„6a. Skilyrðin sem sett eru í 1. til 5. lið gilda ekki um aðflutning svína til EFTA-ríkis eða héraðs þess,

sem skráð er í B-hluta I. viðauka, frá EFTA-ríki sem skráð er í A- eða B-hluta I. viðauka.“

2.4 Viðaukinn við þessa ákvörðun komi í stað I. viðauka.

3. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.

4. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.

5. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 27. júní 1994

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Pekka Säilä
stjórnarmaður

VIÐAUKI

I. VIÐAUKI

A. Héruð sem eru laus við Aujeszky-veiki og leyfa ekki bólusetningu

Finnland: Öll héruð

Noregur: Öll héruð

B. Héruð sem hafa útrýmingaráætlun vegna Aujeszky-veiki og leyfa ekki bólusetningu

Svíþjóð: Öll héruð

**ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA
nr. 76/94/COL**

94/EES/35/12

frá 27. júní 1994

til samþykktar á útrýmingaráætlun vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum í Austurríki og um viðbótarábyrgðir vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum sem á að senda til Austurríkis

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 17. gr. og d-lið 4. mgr. bóknar 1,

með hliðsjón af gerðinni sem vísað er til í 1. lið I. kafla I. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svín (tilskipun ráðsins 64/432/EBE, hér á eftir nefnd gerðin um nautgripi og svín), einkum 9. gr.,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og c-lið og e-lið 1. gr. bóknar 1,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í Austurríki er verið að koma í framkvæmd áætlun um að útrýma smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum (IBR), eins og greint er frá í bréfi dagsettu 29. desember 1993.

Áætlunin um útrýmingu á IBR fullnægir skilyrðunum í 9. gr. gerðarinnar um nautgripi og svín.

Leggja ber til tilteknar viðbótarábyrgðir til að vernda þær framfarir sem orðið hafa og tryggja að áætlunin sé til lykta leidd á árangursríkan hátt.

Yfirvöld í Austurríki beita innanlands reglum um flutning nautgripa sem eru að minnsta kosti jafngildar reglum þessarar ákvörðunar.

Óheimilt er að krefjast viðbótarábyrgðanna sem kveðið er á um í þessari ákvörðun af EFTA-ríkjum eða héruðum þeirra sem eru með sambærilega eða betri heilbrigðisstöðu að því er varðar IBR.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit EFTA-nefndarinnar um dýralækningar sem er eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Áætlunin um útrýmingu á smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum (IBR) í Austurríki er hér með samþykkt fram til 30. júní 1997.
2. Nautgripir frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki sem eru ætlaðir til ræktunar og framleiðslu og á að senda til Austurríkis verða að uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - 2.1 Í samræmi við opinberar upplýsingar mega engin klínísk eða meinafræðileg einkenni IBR-sjúkdómsins hafa greinst í upprunahjörðinni næstliðna tólf mánuði;
 - 2.2 nautgripirnir verða að hafa verið í einangrun síðustu 30 dagana fyrir flutning í húsakynnum sem lögbært yfirvald hefur viðurkennt;
 - 2.3 sermipróf vegna IBR skal hafa verið gert á sermi nautgripanna sem tekið er úr þeim að minnsta kosti 21 degi eftir að þeir voru settir í einangrun og skulu niðurstöðurnar vera neikvæðar. Niðurstöður prófsins á öllum dýrum í einangrun skulu einnig vera neikvæðar;
 - 2.4 nautgripirnir mega ekki hafa verið bólusettir gegn IBR.
3. Nautgripir ætlaðir til slátrunar, sem sendir eru frá EFTA-ríki eða EB-aðildarríki til Austurríkis, skulu fluttir beint til slátruhússins þar sem á að sláttra þeim.
4. Við heilbrigðisvottorðið sem kveðið er á um í viðauka F við gerðina um nautgripi og svín skal, að því er varðar nautgripi sem eru sendir til Austurríkis, bæta eftirfarandi:

„nautgripir samkvæmt ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA nr. 76/94/COL frá 27. júní 1994 um viðurkenningu á útrýmingaráætlun vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum í Austurríki og um viðbótarábyrgðir vegna smitandi kverka- og barkabólgu í nautgripum sem á að senda til Austurríkis“
5. Austurríki skal leggja fram ársskýrslu um árangur útrýmingaráætlunarinnar. Þessa skýrslu skal leggja fyrir eftirlitsstofnun EFTA eigi síðar en 1. apríl næstkomandi ár.

6. Skilyrðin sem um getur í 2. til 4. lið gilda ekki um aðflutning nautgripa til Austurríkis frá EFTA-ríki, eða frá hluta þess, sem samkvæmt 9. eða 10. gr. gerðarinnar um nautgrip og svín hafa fengið samsvarandi viðbótarábyrgðir og þær sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.
7. Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júlí 1994.
8. Austurríki skal samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun fyrir 1. júlí 1994.
9. Ákvörðun þessari er beint til EFTA-ríkjanna.
10. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 27. júní 1994

Fyrir hönd eftirlitsstofnunar EFTA

Pekka Säilä
stjórnarmaður

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr.
EES-samningsins og 3. mgr. 1. gr. bókunar 3 við samninginn
um eftirlitsstofnunina og dómstólinn**

94/EES/35/13

**Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki
andmælum**

Ákvörðunin var samþykkt þann: 27. júlí 1994

EFTA-ríki:	Noregur
Aðstoð nr.:	94-007
Titill:	Aðstoð við Norska útflutningsráðið
Markmið:	Fjármögnun hluta rekstrarkostnaðar Norska útflutningsráðsins
Lagalegur grunnur:	Tillaga til þingsins nr. 63 (1993-1994) (Ot.prp. nr. 63 (1993-94) Om lov om opphevelse av lov av 23. mars 1956 om avgift på eksport til fremme av Norges eksport- interesser)
Fjárveiting:	1994: 88 milljónir NOK
Gildistími:	1. janúar 1996

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni

94/EES/35/14

(Mál nr. IV/C-2/35.213)

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. 9.1994 tilkynning um fyrirhugað fyrirtæki um sameiginlegt verkefni samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾ myndað annars vegar af fyrirtækinu Saale Energie GmbH, Þýskalandi (fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem PowerGen plc, Breska konungsríkinu og NRG Energy, Inc., Bandaríkjunum eiga jafnan hlut í) og hins vegar af VEBA Kraftwerke Ruhr AG, Þýskalandi, í tengslum við byggingu og starfsemi raforkustöðvar sem gengur fyrir brúnkolum í Schkopau í austurhluta Þýskalands.

Samkvæmt tilkynntum samningum er tveimur einingum í sameiginlegri eigu móðurfélaganna komið á fót: Í fyrsta lagi Kraftwerk Schkopau GbR, sem er ábyrgt fyrir byggingu og stjórnun orkustöðvarinnar og verður undir sameiginlegri stjórn móðurfélaganna. Í öðru lagi Kraftwerk Schkopau Betriebsgesellschaft mbH, sem er ábyrgt fyrir starfsemi orkustöðvarinnar og verður eingöngu undir stjórn VEBA Kraftwerke Ruhr AG.

Framleiðslugetu stöðvarinnar, sem er um það bil 900 MW, verður úthlutað til beggja eigendanna (400 MW til Saale Energie GmbH og afgangurinn, þar með talin gufa, til VEBA Kraftwerke Ruhr AG) og mun hvort um sig selja sinn hluta framleiðslunnar í eigin nafni og fyrir eigin reikning.

2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi aðgerðina á framfæri við sig.
4. Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB (Stjttíð. EB nr. C 263, 20.9.1994). Athugasemdirnar skulu sendar til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr.+32 2 296 42 73) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/C-2/35.213) og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Directorate C
Office 2/82
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(¹) Stjttíð. EB nr. 13, 21.2.1962, bls. 204.

**Ákvörðun nr. 153 frá 7. október 1993 um
fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beytingar
reglugerðar ráðsins
(EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 001, E 103 - E 127)**

94/EES/35/15

Framkvæmdastjórinn hefur birt ákvörðun nr. 153 frá 7. október 1993 um fyrirmyndir að eyðublöðum sem eru nauðsynleg vegna beytingar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 001, E 103 - E 127) í Stjttíð. EB nr. L 244, 19.9.1994. Framkvæmdaráðið um félagslegt öryggi farandlaunþega hefur ákveðið að í stað fyrirmyndanna að eyðublöðum E 001, E 103 - E 127, sem voru prentuð í ákvörðun nr. 130, komi fyrirmyndir að eyðublöðum sem fylgja ákvörðun nr. 153. Þessar fyrirmyndir að eyðublöðum verða birtar í heild sinni í EES-viðbætinum við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins eftir að sameiginlega EES-nefndin hefur tekið nauðsynlega ákvörðun þar að lútandi.

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu

94/EES/35/16

(Mál nr. IV/M.472 - Vesuvius/Wülfrath)

Framkvæmdastjórinn ákvað 5.9.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu

94/EES/35/17

(Mál nr. IV/M.427 - Rhône-Poulenc/Caffaro)

Framkvæmdastjórinn ákvað 17.6.1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30.12.1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21.9.1990, bls. 13.

Leiðbeiningar vegna rannsókna á ríkisaðstoð við fiskveiðar og sjávardýraeldi **94/EES/35/18**

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt nýjar leiðbeiningar vegna rannsókna á ríkisaðstoð við fiskveiðar og sjávardýraeldi. Leiðbeiningarnar koma í stað leiðbeininganna sem voru birtar 1992 (sjá nánari útlitun í Stjttíð. EB nr. C 260, 17.9.1994).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. september 1994 um breytingu á ákvörðun 94/462/EB um tilteknar verndarráðstafanir vegna svínapestar í Þýskalandi og niðurfellingu á ákvörðun 94/178/EB **94/EES/35/19**

Framkvæmdastjórnin hefur birt ákvörðun frá 14. september 1994 um breytingu á ákvörðun 94/462/EB⁽¹⁾ um tilteknar verndarráðstafanir vegna svínapestar í Þýskalandi og niðurfellingu á ákvörðun 94/178/EB⁽²⁾ í Stjttíð. EB nr. L 240, 15.9.1994. Með ákvörðuninni breytti framkvæmdastjórnin núgildandi verndarráðstöfunum og felldi úr gildi fyrri ákvörðun 94/178/EB frá 23. mars 1994. Endurskoðaða skal ákvörðunina fyrir 20. nóvember 1994 með hliðsjón af þróun ástands dýrasjúkdóma í Þýskalandi.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 189, 23.7.1994, bls. 89.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 83, 26.3.1994, bls. 54.

Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir**94/EES/35/20**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtið. EB nr. L 109, 26.4.1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtið. EB nr. L 81, 26.3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun ⁽¹⁾	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils ⁽²⁾
94-0180-NL	Drög að breytingu á reglugerðinni um matvæli og lyf varðandi ilm- og bragðefni	31.10.1994
94-0181-NL	Drög að undanþágureglugerð um sterkju í smurosti	31.10.1994
94-0187-UK	MPT 1380 frá júlí 1994 (útgáfa 1.6.6) um virkar endurvarpsstöðvar til notkunar á völdum tíðnisviðum í landfarstöðvaþjónustu	1.12.1994
94-0188-D	Gerðarsamþykkisforskrift BAPT 211 TV 19-067 - Gerðarsamþykkisforskrift fyrir radiófjarrita almennu skipaþjónustunnar á millibylgju og stuttbylgju	14.11.1994
94-0189-D	Gerðarsamþykkisforskrift BAPT 222 ZV - Gerðarsamþykkisforskrift fyrir endurvarpa í „D“ radiófjarskiptanetum	28.10.1994
⁽³⁾ ⁽⁴⁾		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1.10.1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17.3.1989, bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4.5.1994, bls. 8.

⁽¹⁾ Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

⁽²⁾ Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

⁽³⁾ Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

⁽⁴⁾ Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram**94/EES/35/21****(Mál nr. IV/M.468 - Siemens/Italtel)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13.9.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin STET - Società Finanziaria Telefonica - per Azioni („STET“), sem er í eigu samstæðunnar Istituto per la Ricostruzione Industriale S.p.A. (IRI), og Siemens Aktiengesellschaft („Siemens“) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins sameiginleg yfirráð yfir nýstofnuðu eignarhaldsfélagi sem myndar fyrirtæki um sameiginlegt verkefni. Fyrirtækin færa ítölsku dótturfyrirtæki sín Italtel - Società Italiana Telecomunicazioni S.p.A. og Siemens Telecomunicazioni S.p.A. til fyrirtækisins um sameiginlegt verkefni til að annast þróun, framleiðslu, sölu og þjónustustarfsemi á sviði fjarskiptakerfa í eigu hins opinbera og í einkaeign, fjarskiptabúnaðar og þjónustu.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - STET: fjarskipti og gagnavinnsluþjónusta; iðnaðarstarfsemi á sviði fjarskipta og verksmiðjutækni, útgáfu- og markaðsþjónusta; rannsóknir.
 - Siemens: opinber boðskiptanet; net og boðskiptakerfi í einkaeign; tæki til orkuframleiðslu, orkuflutningur og dreifing; tækni á sviði lækningatækja; flutningskerfi; rafeindatækni; iðnaðar- og byggingakerfi; drif, sjálfvirkni og vélknúin kerfi.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 264, 21.9.1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.468 - Siemens/Italtel, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.

Tilkynning um samning**94/EES/35/22****(Mál IV/35.056 - Groupement des Cartes Bancaires
„CB“/France Télécom)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 29.4.1994 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins 17/62, um samning milli Groupement des Cartes Bancaires „CB“ og France Télécom sem felur í sér að CB-kort verða notuð samhliða þeim kortum sem France Télécom gefur út (fyrirframgreidd kort og áskriftarkort) sem aðgangskort fyrir almenna símakerfið.

Tæknilega skulu almenningssímarnir sem þessi samningur tekur til búnir greindarkortalesurum.

Samningurinn milli Groupement des Cartes Bancaires „CB“ og France Télécom tekur ekki til þeirrar þjónustu sem tengist því að CB-kort séu samþykkt sem greiðsla fyrir notkun almenningssíma France Télécom. Sú þjónusta er í tengslum við samninga sem France Télécom mun semja um að eigin vild við einn eða fleiri aðila samstæðunnar innan ramma þeirra millibankareglna sem samstæðan hefur sett.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Groupement des Cartes Bancaires „CB“: samstæða fjármálastofnana eða útgáfuaðila CB-korta;
 - France Télécom: rekstaraðili franska ríkisins á sviði fjarskipta.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynningin geti fallið undir gildissvið reglugerðar 17/62.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma athugasemdum sínum varðandi þetta verkefni á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 264, 21.9.1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/35.056 - Groupe des Cartes Bancaires/France Télécom, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Direction B
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 27 22

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram**94/EES/35/23****(Mál nr. IV/M.477 - Mercedes-Benz/Kässbohrer)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 13.9.1994 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem Mercedes-Benz AG („Mercedes-Benz“), undir yfirlýðingum Daimler Benz AG („Daimler Benz“) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins yfirlýðing yfir Karl Kässbohrer Fahrzeugwerke GmbH, Ulm („Kässbohrer“) með kaupum á hlutabréfum félagsins.

Viðskiptin varða einungis þá starfsemi Kässbohrer sem snýr að hópbifreiðum. Önnur starfsemi Kässbohrer verður seld þriðja aðila.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Mercedes-Benz: bifreiðir, vöruflutningabifreiðir, hópbifreiðir, ökutækjaflutar.
 - Daimler-Benz : bifreiðir, vöruflutningabifreiðir, hópbifreiðir, ökutækjaflutar (allt í gegnum Mercedes-Benz), loftför, lestakerfi, fjármála- og tölvuþjónusta.
 - Kässbohrer: hópbifreiðir, önnur sérhæfð ökutæki notuð í atvinnuskyni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 264, 21.9.1994. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.477 - Mercedes-Benz/Kässbohrer, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(¹) Stjtið. EB nr. L 395 frá 30.12.1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257 frá 21.9.1990, bls. 13.